

GJALDSKRÁ fyrir kattahald í Grundarfirði.

1. gr.

Leyfisgjald fyrir að halda kött í Grundarfirði, sbr. 10. gr. samþykktar um kattahald í Grundarfjarðarbæ nr. 368/2006 skal vera 5.200 kr.

Gjaldið greiðist á gjalddaga 1. mars ár hvert, en eindagi er 31. mars ár hvert. Innifalið í leyfisgjaldi er ábyrgðartrygging, merkispjald auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

2. gr.

Við hverja afhendingu handsamaðs óskráðs kattar ber að innheimta gjald, 12.500 kr. Að auki skal eigandi greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi kattar. Óskráða ketti má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar er sett samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samþykkt um kattahald í Grundarfjarðarbæ nr. 368/2006 og öðlast gildi 1. janúar 2015. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1078/2012.

Grundarfirði, 6. nóvember 2014.

Þorsteinn Steinsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 19. desember 2014